

REGLUR
um úthlutun styrkja vegna
Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Reglur þessar gilda um umsóknir og úthlutun styrkja sem veittir verða til verkefna í tilefni af Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun árið 2010.

Tilgangur styrkjanna er að vinna að verkefnum sem tengjast markmiðum ársins. Sérstaklega verður lögð áhersla á verkefni sem auka fjölbreytni við úrræði og námskeið til að bæta aðstæður tekjulágra hópa og fjölskyldna, atvinnulausra og fólks með skerta starfsgetu, verkefni sem vinna gegn fordómum sem einstaklingar upplifa vegna aðstæðna sinna eða ýta undir félagslega virkni fólks sem hætt er við einangrun vegna langtímaatvinnuleysis eða bágra aðstæðna.

2. gr.

Stjórn og skipulag.

Stjórn sjóðsins er í höndum framkvæmdahóps Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun sem gerir tillögur til ráðherra um veitingu styrkja.

3. gr.

Fjármunir, varsla og reikningshald.

Stofnframlag sjóðsins er 35 milljónir króna. Sjóðurinn er í vörslu ríkissjóðs og sér félags- og tryggingamálaráðuneytið um umsýslu hans.

4. gr.

Styrkveitingar.

Miðað skal við að styrkurinn nemi ekki hærrí fjárhæð en 80% af heildarkostnaði verkefnis gegn 20% mótframlagi umsækjanda. Framkvæmdahópur Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun gerir tillögu til ráðherra um fjölda styrkja og fjárhæð þeirra. Verkefnum sem hljóta styrk skal lokið á árinu 2010.

5. gr.

Auglýsing um styrki og umsóknir.

Auglýst verður eftir styrkjum 12. mars 2010 og er umsóknarfrestur þrjár vikur frá þeim degi. Litið verður jákvæðum augum á umsóknir sem beinast einnig að mismunum á grundvelli aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar og uppruna, trúar eða kynhneigðar eða stöðu þessara hópa.

6. gr.

Umsóknir um styrki.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem framkvæmdahópur Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun lætur útbúa. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- a. Almenn lýsing verkefnis, fjárhæð sem sótt er um og ábyrgðarmaður verkefnis.
- b. Hvaða aðilar vinna að verkefninu og verkaskipting ásamt upplýsingum um forsvarsmenn, þar með talið aðsetur, símanúmer og netföng.
- c. Markmið verkefnis, þar með talinn markhópur, og mat umsækjanda á væntanlegri niðurstöðu verkefnis.
- d. Framkvæmdaáætlun með tímasetningum og greinargóðri lýsingu á framkvæmd verksins.
- e. Fjárhagsáætlun þar sem gerð er skýr grein fyrir heildarfjármögnun verkefnis, framlagi umsækjanda og annarra og hver hafi umsjón með bókhaldi verkefnisins.

- f. Lýsing á samstarfi við aðra aðila í tengslum við verkefnið, þar með talin félagasamtök, einkaaðila og opinbera aðila.
- g. Áætlun um kynningu niðurstaðna og sýnileiki verkefnis.

Framkvæmdahópi Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun er heimilt að óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaraðila og fjármögnun og senda umsóknir til umsagnar sérfræðinga á viðeigandi sviði.

7. gr.

Afgreiðsla styrkja og skuldbindingar.

Styrkir skulu greiddir í tvennu lagi, 70% við ákvörðun styrks og 30% þegar verkefni er lokið eða eftir atvikum við afhendingu áfangaskýrslu. Framkvæmdahópi Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun er enn fremur heimilt að skilyrða styrkveitingar og ákveða að styrkir verði greiddir út í samræmi við framgang verkefnis.

Styrkir skulu almennt veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum. Einstaklingum verða að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsókna.

Við úthlutun styrkja skal styrkþega sendur samningur þar sem fram koma þær skuldbindingar sem fylgja styrkveitingu, meðal annars að gerð sé grein fyrir ráðstöfun fjárins og eftir atvikum skil á ytri staðfestingum. Óskað getur verið eftir slíkum staðfestingum allt að tveimur árum eftir að verkefni lýkur. Þegar umsækjandi og fulltrúi félags- og tryggingamálaráðherra hafa undirritað samninginn skal styrkurinn greiddur út í samræmi við 1. mgr.

Styrkþegar skulu skila framkvæmdahópi Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun lokaskýrslu og endanlegu fjárhagsuppgjöri að verkefni loknu. Verkefnum skal ljúka ekki síðar en 31. desember 2010. Framkvæmdahópi Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun er eftir atvikum heimilt að óska eftir áfangaskýrslu. Í lokaskýrslunni skal vera útdráttur úr efni hennar á ensku og íslensku.

Sé styrks ekki vitjað innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningar um styrk fellur hann niður.

Rannsóknir og niðurstöður þróunarverkefna sem hlotið hafa styrk samkvæmt reglum þessum skulu birtar almenningi samkvæmt nánari fyrirmælum framkvæmdahóps Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun.

8. gr.

Meðferð umsókna.

Farið verður með allar umsóknir og upplýsingar í fylgigögnum sem trúnaðarmál, sbr. þó 2. mgr. 6. gr.

Skýrslur um verkefni ásamt reikningum skulu vera undanþegnar trúnaðarskyldum nema þess sé sérstaklega óskað og framkvæmdahópur Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun samþykkir.

Öllum umsóknum verður svarað skriflega.

9. gr.

Reikningar og endurskoðun.

Reikningsár Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun er árið 2010. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga sjóðsins.

10. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi 12. mars 2010 og gilda til 31. desember 2010.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. mars 2010

Árni Páll Arnason